



Reykjavík, 18. Júní 2025
PON21120037

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Aukin ráðstöfunarheimild fyrir stuðningskerfi velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 4. júní 2025, um aukna ráðstöfunarheimild fyrir stuðningskerfi velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar ásamt fylgigögnum sbr. 16. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð - trúnaður

Umfangsmat - trúnaður

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 30.05.2024

Stuðningskerfi velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar

Samantekt:

VEL hefur fest kaup á hugbúnaði dala.care eftir útboð í fyrra, 2023. Hugbúnaðurinn á að halda utan um vaktaplan starfsmanna og þá þjónustu sem veitt er þjónustunotendum velferðarsviðs. Þörfin fyrir slíkum búnaði er gríðarleg en í dag er mest megnis notast við excel skjöl. Mikill ávinningur er með tilkomu hugbúnaðarins þar sem hægt er að bregðast skjótt við breytingum, allar upplýsingar á einum stað, skráning á þjónustu sem innheimt er, aukin skilvirkni og sjálfvirkni

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt kostnaðaráætlun: 115 m. kr (45 m. kr aukning frá frumkostnaðaráætlun)

Áætluoð tímalengd verkefnis: 3 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 5,00

Ábati 33%: 5

Mikill ábati bæði fyrir starfsfólk og íbúa Reykjavíkur.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Einfaldar rekstarumhverfi og vinna sem fer fram á pappír í dag mun vera unnin í nýju kerfi. Kerfið mun tengjast Ráðgjafanum. Hefur mikil áhrif á starfsmenn og íbúa Reykjavíkurborgar.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp starfsfólks Reykjavíkurborgar og notendur þjónustunnar. Fimm einingar innan velferðarsviðs munu nota hugbúnaðinn og um 4000 þjónustunotendur auk aðstandanda þeirra.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er fyrir þjónustunni.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON21120037

Efni: Aukin ráðstöfunarheimild fyrir stuðningskerfi velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að ráðstafa auknu fjármagni, til að mæta ófyrirséðum, auknum kostnaði við kaup á stuðningskerfi fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar. Uppfæra þurfti frumkostnaðaráætlun m.v. breyttar forsendur í kjölfar útboðs og er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið nú 427 m.kr. þar af tilheyra 115 m.kr. eignasjóði og 312 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 6 ára tímabil. Af heildarkostnaði eru 358 m.kr. aðkeypt þjónusta sem keypt er inn á grundvelli samkeppnisútboðs nr. 15088.

Fyrri heimildarbeiðni samkvæmt frumkostnaðaráætlun verkefnisins frá janúar 2022 var 200 m.kr., þar af tilheyrðu 70 m.kr. eignasjóði og 130 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 10 ára tímabil. Því er um að ræða aukningu á fjárfestingu sem nemur 45 m.kr. sem óskað er eftir heimild borgarráðs fyrir.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlað er að innleiðingu hugbúnaðarins ljúki í lok árs 2025.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 4. júní 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Heimabjónustu- og búsetukerfi VEL, dala.care

Eigandi: Styrmir Erlingsson,
framkv.stj. vesturmiðstöðvar

Þarfagreining

Hugbúnaðarkerfi með áætlunum og helstu verkefni auk handhægra upplýsinga um notendur og þarfir. Yfirsýn fyrir starfsfólk og stjórnendur. Auðvelda verklag og sjálfvirkni. Tengingar við vinnustundar- og bókhaldskerfi. Beintenging við stuðningsáætlun. Gagnaöflun um unnin verk.

Áskorun

Starfsfólk heimabjónustu, stuðningsþjónustu, ýmissa teyma, þjónustuíbúða og sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk hefur verulega takmörkuð tölvukerfi eða bara alls engin kerfi til að vinna í. Yfirsýn ófullnægjandi fyrir starfsfólk, stjórnendur og notendur.

Markmið

- Stafræn lausn sem heldur utan um vaktaplan, verkefni, samskipti o. fl.
- Örugg skjölun
- Útrýma pappír
- Bætt upplýsingaflæði og gagnsæi
- Sambætting milli kerfa, t.d. Vinnustund, Málaskrá, Agresso

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

Heildstætt kerfi / hugbúnaðarkerfi

- 2600 starfsmenn**
- 4000 notendur**

- Auðvelt aðgengi að vaktaplan í síma
- Aukin yfirsýn
- Aukin skilvirkni
- Uppfærslur upplýsinga í rauntíma
- Gagnasöfnun og tölfræðigreiningar
- Umbætur í rekstri
- Útrýming pappírs
- Innheima fyrir þjónustu sjálfvirk o.fl.

Tímalína

Janúar 2022 – desember 2025

Kostnaður

Heildarkostnaður 427 m. kr.
Eignasjóður 115 m. kr.
Rekstur 312 m. kr.

Verkefnastjóri: Lára Böðvarsdóttir

Verkefnateymi: Hildur Dröfn Þórðardóttir, Anna Brynja Valmundsdóttir, Rögnvaldur Þórsson, Halldóra Gyða Proppé, Auður Guðmundsdóttir, Soffía Hjördís Ólafsdóttir.

Stafrænn leiðtogi: Magnús Bergur Magnússon